

2007-1 Bréf til hluthafa

Hjalteyri 16. maí 2007

Kæri hluthafi,

Með bréfi þessu viljum við koma á framfæri ýmsum upplýsingum um stöðu mála hjá Fiskey hf. Hér á eftir verður gerð grein fyrir eftirfarandi málum:

1. **Rekstrarafkoma ársins 2006**
2. **Upplýsingar um framleiðslu**
3. **Horfur í rekstri 2007-2008**
4. **Aðalfundur 2007**

1. Rekstrarafkoma ársins 2006

1.1 Inngangur

Dótturfélagið Fiskey ehf. var sameinað Fiskeldi Eyjafjarðar hf frá og með 1. janúar 2006. Nafni hins sameinaða félags var breytt frá og með 9. ágúst 2006 úr Fiskeldi Eyjafjarðar hf. í Fiskey hf.

Félagið var rekið með um 71 milljóna króna tapi á árinu 2006. Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta var 11 milljónir og er það skref í rétta átt. Tekjur félagsins voru tæpar 217 milljónir og jukust mikið milli ára og skýrist það fyrst og fremst af aukinni seiðaframleiðslu og sölu.

Talsverðar breytingar urðu á rekstrinum á árinu 2006. Helst er það að nefna að matfiskeldi í Þorlákshöfn var hætt og við það fækkaði starfsfólki um 4. Nú er þar aðeins lágmarks starfsemi og 1 starfsmaður sér um að ala úrvals fiska sem voru valdir úr hverjum árgangi og fyrirhugað er að nota sem framtíðar klakfisk. Þessi breyting leiðir til kostnaðarlækkunar á flest öllum kostnaðarliðum í rekstrinum. Lækkun kostnaðar vegna aflagningar matfiskeldis í Þorlákshöfn kemur að fullu fram í rekstrarkostnaði á árinu 2007. Stöðin í Þorlákshöfn er til sölu en enn sem komið er hafa ekki fundist neindir áhugasamir kaupendur.

Seiðaframleiðslan gekk eftir atvikum vel og voru framleidd um 500 þúsund seiði á árinu. Engin áföll voru í framleiðslunni og lifunarhlutfall var stöðugt og gott úr öllum þremur framleiðsluhópunum. Við höfðum sett markið á að framleiða 650-700 þúsund seiði en það takmark náðist ekki vegna þess að ekki fékkst nægilegt magn af hrognum til að ná settu framleiðslumarkmiði.

Sala á seiðum gekk vel og alls voru seld rúmlega 540 þúsund seiði á árinu. Lang mest var flutt út til Noregs eða 88%, 8% voru seld til Silfurstjörnunnar og 4% til Skotlands. Umfram eftirspurn er eftir seiðum.

Á árinu fór fram fjárhagsleg endurskipulagning á Scotian Halibut Ltd. en við það minnkaði eignarhlutur Fiskeyjar hf. í 5%, og er þar með ekki lengur hlutdeildarfélag félagsins.. Bókfært verð eignarhlutans nam 0,3 millj. kr. í árslok 2006. Vegna erfiðrar stöðu Scotian Halibut Ltd. var lán fært niður um 4,7 millj. kr. í ársreikningi og er nú bókfærð krafa 0.3 m.kr. Alls hafa verið færða niður lánakröfur í ársreikningum félagsins vegna Scotian Halibut 122.4 millj. kr.

Í tengslum við endurskipulagningu Scotian Halibut var gerður samningur um að Fiskey gæti nýtt 200 lítra af hrognum frá Scotian á næstu 3 árum og kæmi söluverð hrognanna til lækkunar á lánakröfu. Kaupverð hroгна í þessum samningi nemur um 30 millj. króna og framleiðsluaukning gæti numið allt að 500 þúsund seiðum.

1.2 Lykiltölur úr rekstri félagsins 2006.

Hér að neðan eru helstu lykiltölur úr rekstri félagsins árið 2006 samanborið við árið 2005. (Fjárhæðir í milljónum króna).

Rekstrarreikningur	2006	2005
Sölutekjur	207,9	120,4
Kostnaðarverð sölu	193,1	236,9
Vergur hagnaður (tap)	14,8	(116,5)
Aðrar tekjur	9,0	0,5
Útflutningskostnaður	13,7	14,9
Annar rekstrarkostnaður	29,7	40,7
Rekstrartap	(19,6)	(171,6)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(51,8)	(4,6)
Áhrif hlutdeildarfélags	0,0	(33,3)
Tap tímabilsins	(71,4)	(209,1)

Samkvæmt rekstrarreikningi námu sölutekjur félagsins á árinu 207,9 millj. kr. sem er hækku um 73% frá árinu 2005. Vergur hagnaður nam 14,8 millj. kr., árið áður nam vergt tap 116,5 millj. kr. Rekstrartap án fjármagnsliða nam 19,6 millj. kr., og nam heildartap félagsins 71,4 millj. kr. á árinu 2006. Árið áður nam tap félagsins 209,1 millj. kr. Á árinu 2006 var rekstrarhagnaður án afskrifta um 11,0 millj. kr. en var tap um 140,9 millj. kr. árið áður.

Efnahagsreikningur	31.12.2006	31.12.2005
Fastafjármunir	226,7	273,7
Veltufjármunir	110,9	126,2
Eignir samtals	<u>337,6</u>	<u>399,9</u>
Eigið fé	136,8	204,9
Langtímaskuldir	176,9	157,3
Skammtímaskuldir	23,8	37,7
Eigið fé og skuldir samtals	<u>337,6</u>	<u>399,9</u>
Eiginfjárhlutfall	40,5%	51,2%
Veltufjárhlutfall	4,7	3,3

Eignir félagsins námu 337,6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, þar af eru veltufjármunir 110,9 millj. kr. Skuldir félagsins nema samkvæmt efnahagsreikningi 200,8 millj. kr., þar af eru skammtímaskuldir 23,8 millj. kr. Veltufjárhlutfallið er 4,65 í árslok, en var 3,35 árið áður. Bókfært eigið fé nemur 136,8 millj. kr. í árslok sem er 40,5% af heildarfjármagni. Árið áður var þetta hlutfall 51,2%.


Sjóðstreymi	2006	2005
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	29,1	(142,8)
Fjárfestingarhreyfingar	(7,3)	22,7
Fjármögnunarhreyfingar	13,2	121,7
Breyting á handbæru fé	<u>35,0</u>	<u>1,5</u>
Handbært fé í lok tímabilsins	<u>39,4</u>	<u>4,4</u>

Handbært fé frá rekstri nam 29,1 millj. kr. á árinu 2006 en var 142,8 millj. kr. til rekstrar árið áður. Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 7,3 millj. kr. Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 13,2 kr. Hækkun á handbæru fé nam á árinu 35,0 millj. kr. og var handbært fé í árslok 39,4 millj. kr.

2. Seiðaframleiðslan 2006:

Fiskey framleiddi rúmlega 510.000 seiði á árinu 2006 sem er næst besti árangur í seiðaframleiðslu í sögu fyrirtækisins. Vonir stóðu til að framleidd yrðu um 700.000 seiði en það takmark náðist ekki sökum of lítills framboðs á hrognum og lélegra hrognagæða. Framleiðsla lúðuseiða á heimsvísu 2006 jókst um 40 % á milli ára og var um 1.330.000 seiði og er Fiskey þar enn í fararbroddi sem stærsti einstaki seiðaframleiðandinn. Mynd 1 sýnir seiðaframleiðsluna hjá Fiskey og hvernig hún skiptist niður á hrygningarhópana þrjá síðustu 7 ár.

Mynd 1: Seiðaframleiðsla



Klakkfiskastofni fyrirtækisins er skipt í þrjú hópa sem er ljósastýrt til að hrygna á mismunandi tímum árs. Samsetning klakkfiskastofnsins hefur breyst mikið á síðustu árum, þar sem villtur fiskur sem var veiddur á árunum 1986 -1989 er smám saman að detta út úr hrygningu og sérvalinn eldis klakkfiskur kemur inn í staðin. Hitastýringu, vatnsskiptum og vatnsgæðum er mjög ábóta vant á Dalvík og kemur það niður á hrognframleiðslu og hrognagæðum, auk þess sem það er vel þekkt að hrygnur sem eru að gefa hrogn í fyrsta og annað sinn gefa mun minna magn og lakari gæði en hrygnur sem hrygnt hafa oftár. Tafla 1 er samantekt á fjölda lítra sem hver hópur gaf af hrognum, frjóvgunarprósentu hroгна og afkomu af frjóvguðum hrognum.

Tafla 1. Hrognabúskapur árið 2006

2006	Magn hroгна (L)	Frjóvgunar %	Afkoma (%) af frjóvg. hrognum	Nýtanleg hrogn (L)
Hópur 1	165	42,1	39	27,3
Hópur 2	269	41,3	40	44,8
Hópur 3	201	43,3	36,7	35
alls:	635			107,1

Frjóvgunarprósenta og afkoma af frjóvguðum hrognum er afar slök og nýtanleg hrogn eru því ekki nema 107 lítrar af þeim 635 lítrum sem kreistir eru eða tæp 17%. Unnið hefur verið að því að bæta aðstöðu og sjótöku í Dalvíkurstöðinni eins og aðstæður leyfa, en í dag er stöðin orðin of lítil fyrir klakkfiskastofninn sem telur nú yfir 800 fiska og aðgengi að hreinum sjó ekki nægjanlegt þar sem of aðgrunnt er við stöðina.

Síló (kviðpokastig) gáfu svipaða afkomu og undanfarin ár og startfóðrunarker gengu einnig nokkuð vel með um 70 % meðal afkomu.

Flutningar á seiðum frá Hjalteyri gengu vel og nú er svo komið að við útflutning á lifandi seiðum hvert sem er í heiminum eru yfir 1% afföll óásættanleg. Alls voru flutt frá Hjalteyri tæplega 550 þús seiði á 5 mismunandi aðila, flesta í Noregi (sjá töflu 2).

Tafla 2 : Flutningar frá Hjalteyri árið 2006

<i>Seiðaflutningar frá Hjalteyri 2006</i>	
Land	Fjöldi seiða
Noregur	475.500
Skotland	24.100
Ísland	42.550
Alls	542.150

Greinilegt er að eftirspurn eftir seiðum er alltaf að aukast og því mikilvægt að Fiskey haldi sinni stöðu sem stærsti framleiðandinn og til þess að það takist verður að hlúa vel að klakfiskastofninum og huga vel að kynbótastarfi.

3. Horfur í rekstri 2007-2008.

Upphafleg áætlun fyrir árið 2007 gerði ráð fyrir rúmlega 700 þúsund seiða framleiðslu. Annar framleiðsluhópur ársins hefur hins vegar ekki gengið eins vel og vonast var eftir og er áætlað að framleiða úr honum 200 þúsund seiði sem er um 100 þúsund seiðum undir upphaflegri áætlun. Endurskoðuð áætlun gerir því ráð fyrir að framleidd verði rúm 600.000 seiði á árinu 2007. Hér að neðan er rekstraráætlun fyrir árið 2007

<i>Þúsundir króna</i>	Áætlun
	Árið 2007
Rekstrartekjur:	
Sölu tekjur	162.850
Aðrar tekjur.....	12.950
	175.800
Rekstrargjöld:	138.688
Birgðabreyting	-3.080
Fyrningar	-30.000
Fjármagnsliðir	-12.000
EBITDA	34.032
EBIT	4.032
Afkoma fyrir skatta	-7.968

Hrognaframleiðslan á Dalvík hefur verið óáreiðanleg að undanfögnu vegna örrar nýliðunar klakfiskastofnsins eins og skýrt er frá hér á undan. Innflutningsleyfi hefur

nú fengist á lúðuhrognum frá Scotian Halibut sem getur reynst okkur mjög mikilvægt, því það skiptir að sjálfsögðu sköpum í framleiðslunni að hafa nægilegt framboð af hrognum. Við förum því inn í árið 2008 með nokkri vissu um að hrognaframboð verði ekki takmarkandi þáttur í framleiðslunni og þá er það fyllilega raunhæft markmið að stefna á 900 þúsund seiða framleiðslu á árinu 2008. Aukin seiðaframleiðsla skiptir sköpum fyrir félagið og með 900 þúsund seiði framleidd á árinu 2008 mun rekstrarafkoman batna verulega og með því munum við sjá fram á fyrsta rekstrarár í sögu félagsins sem skilar jákvæðri afkomu fyrir skatta.

4. Aðalfundur 2007

Aðalfundur félagsins hefur verið ákveðinn 24.maí n.k kl. 15:00 í fundarsal Brims hf. á Akureyri. Dagskrá fundarins verður þannig:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Breytingar á samþykktum félagsins er varða meðferð hlutafjár og kjör varastjórnar. Hægt er að fá nánari upplýsingar um breytingarnar á skrifstofu félagsins í síma 462 7489
- Önnur mál löglega upp borin.

Virðingarfyllst,

fh. Fiskeyjar hf



Arnar Freyr Jónsson
Framkvæmdastjóri